

REGLUR um breytingu á reglum nr. 319/2009 um inntökuskilyrði í grunnnám við Háskóla Íslands.

1. gr.

Við 6. mgr. bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Nemendur sem óska eftir að hefja grunnnám í lögfræði skulu gangast undir inntökupróf í samræmi við reglur um inntöku nýnema og inntökupróf í lagadeild.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, eru settar samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar taka þegar gildi og verður þeim beitt við inntöku stúdenta frá og með háskólaárinu 2014-2015.

Háskóla Íslands, 7. október 2013.

Kristín Ingólfssdóttir.

Pórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. október 2013